

## AUGLÝSING

### um breytingu á reglum Reykjavíkurborgar, nr. 345/2019, um notendastýrða persónulega aðstoð.

#### 1. gr.

3. mgr. 1. gr. reglnanna breytist og orðast svo:

Árlegur fjöldi nýrra samninga um notendastýrða persónulega aðstoð miðast við samþykktu fjárhagsáætlun Reykjavíkurborgar ár hvert. Í ljósi þess verða þeir í forgangi fyrir þjónustuna sem hafa einstaklingsbundnar þarfir sem ekki hefur verið hægt að koma til móts við á annan hátt og fyrir liggur faglegt mat á því að notendastýrð persónuleg aðstoð sé hentugt form til að mæta þjónustuþörfum þeirra.

#### 2. gr.

4. gr. reglnanna breytist og orðast svo:

Ákvörðun um veitingu notendastýrðrar persónulegrar aðstoðar er tekin á fundi úthlutunarteymis sem skipað er með erindisbréfi af velferðarsviði Reykjavíkurborgar.

Við afgreiðslu umsóknar skal liggja fyrir faglegt mat á því að notendastýrð persónuleg aðstoð sé hentugt fyrirkomulag til að mæta þjónustuþörfum umsækjanda sem hefur mikla og viðvarandi þörf fyrir aðstoð og þjónustu, s.s. við athafnir daglegs lífs, heimilishald og þátttöku í félagslífi, námi og atvinnulífi. Horft skal sérstaklega til þeirra umsækjenda sem hafa einstaklingsbundnar þarfir sem ekki hefur verið hægt að koma til móts við á annan hátt með þjónustu af hálfu Reykjavíkurborgar.

Verði umsækjanda ekki veitt þjónusta í formi notendastýrðrar persónulegrar aðstoðar af hálfu úthlutunarteymis mun umsókn hans halda gildi sínu og verður umsækjanda leiðbeint um önnur þau úrræði sem honum kunna að standa til boða.

#### 3. gr.

27. gr. reglnanna breytist og orðast svo:

Reglur þessar eru settar með stoð í 11. gr. laga um þjónustu við fatlað fólk með langvarandi stuðningsþarfir, nr. 38/2018, og 3. mgr. 3. gr. reglugerðar um notendastýrða persónulega aðstoð, nr. 1250/2018, og kveða þær á um útfærslu á þjónustu sem sveitarfélögum er skylt að veita.

#### 4. gr.

Breytingar þessar, sem samþykktar voru á fundi velferðarráðs 6. desember 2024, og á fundi borgarráðs 16. janúar 2025, eru byggðar á 11. gr. laga um þjónustu við fatlað fólk með langvarandi stuðningsþarfir, nr. 38/2018. Breyting þessi gildir frá og með 1. janúar 2025.

*Borgarstjórinn í Reykjavík, 21. janúar 2025.*

**Einar Þorsteinsson.**

B-deild – Útgáfudagur: 21. janúar 2025